



## Vextir og bindiskylda við Seðlabanka Íslands

Vextir gilda frá og með 22. maí 2019

Bindihlutfall gildir frá og með 21. júní 2019

Með vísun til 10. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands ákveður Seðlabanki Íslands að vextir fjármálafyrirtækja við Seðlabankann skuli verða eins og að neðan greinir.

Vextir	Vextir á ári
1. Daglán	5,75%
2. Lán gegn veði í verðbréfum	4,75%
3. Innlán bundin í 7 daga	4,00%
4. Viðskiptareikningar	3,75%
5. Bindiskyldar innstæður, meðaltalsuppfyllt	3,75%
6. Bindiskyldar innstæður, föst bindiskylda	0,00%

Aðrir vextir eru ákveðnir af bankastjóra hverju sinni. Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi fellur úr gildi tilkynning um vexti og bindiskyldu við Seðlabanka Íslands frá 20. mars 2019.

Með vísun til 11. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands ákveður Seðlabanki Íslands að bindihlutfall liða í bindigrunni skuli verða eins og að neðan greinir en bindihlutfallið tekur gildi 21. júní 2019:

Með vísan til 1. mgr. 4. gr. og 6. gr. reglna Seðlabankans nr. 585/2018, um bindiskyldu, skal við uppgjör bindiskyldu skipta bindihlutfalli milli fastrar bindiskyldu og meðaltalsuppfyllingar með eftirfarandi hætti:

Bindihlutfall af bindigrunni, föst bindiskylda	1,00%
Bindihlutfall af bindigrunni, meðaltalsuppfyllt bindiskylda	1,00%
Heildarbindihlutfall af bindigrunni	2,00%

Reykjavík, 22. maí 2019  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri